



Til bæjarráðs

Kópavogi, 8. apríl 2024
2312266/204.01 ABS

Svar við erindi frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

Erindi frjálsíþróttadeildar Breiðabliks varðandi aðstöðumál deildarinnar, var vísað til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs og menntasviðs á fundi Bæjarráðs 7. desember sl. Aðstöðumál frjálsíþróttadeildar Breiðabliks hafa verið til skoðunar á menntasviði og umhverfissviði í samræmi við óskir deildarinnar.

Fífan / inni aðstaða

Árið 2014 var skipt um gervigras í Fífunni og á sama tíma var 100 m hlaupabrautin færð frá austur hluta hússins yfir í vesturhluta og nýtt tartan lagt á brautina. Tartanið á frjálsíþróttaaðstöðunni í suðurhluta hússins er frá 2002 og ljóst að skoða þarf endurnýjun á tartani á því svæði.

Nú er unnið að undirbúningi framkvæmda við nýjan gervigrasvöll vestan við Fífuna og er stefnt að því að framkvæmdum við þann völl ljúki í nóvember 2024. Völlurinn ætti því að vera kominn í fulla notkun í byrjun árs 2025 ef áætlanir ganga eftir. Með nýjum gervigrasvelli ætti að létta töluvert á æfingaálagi í Fífunni, hvað knattspyrnuna varðar, og þá hægt að taka meira tillit til aðstöðu frjálsíþróttadeildar.

Í erindi frjálsíþróttadeildar kemur fram að hitastig í Fífunni sé oft mjög lágt sem m.a. geti aukið hættu á meiðslum. Hitastigið í Fífunni á að öllu jöfnu að vera um 14°C . Í framhaldi af þessu erindi verður skoðað, í samstarfi við Breiðablik, að setja upp hitamæla til að kanna hitastig við frjálsíþróttaaðstöðu.

Undanfarin ár hefur Kópavogsbær leigt tíma fyrir iðkendur frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika í þeim tilgangi að styðja við fullnægjandi æfingasvæði afreksíþróttafólks deildarinnar og ákveðið hefur verið að gera það áfram. Í dag er leigan sem Kópavogsbær greiðir um 1,6 mkr. á ári.

Í erindinu kemur einnig fram að skemmdir á búnaði frjálsíþróttadeildar séu algengar. Unnið er að því að setja upp myndavélar í Fífunni sem eiga að auðvelda starfsfólki Smárans/Fífunnar að fylgjast betur með búnaði og bregðast við þegar óviðkomandi eru að leika í búnaðinum. Kópavogsbær hefur séð um viðhald og endurnýjun þessa búnaðar.

Kópavogsvöllur / úti aðstaða



Á árunum 2019-2020 var fjárfest í kastæfingasvæði og nýju æfingasvæði vestan við Fífuna fyrir um 50 m.kr. Þessi framkvæmd var ákveðin í samráði við frjálsíþróttadeild Breiðabliks og unnin í samræmi við hugmyndir deildarinnar í kjölfar þess að ákveðið var að skipta um gras á Kópavogsvelli. Samkvæmt upplýsingum íþróttadeildar hefur hefur almenn ánægja verið með þá aðstöðu sem nýtist vel fyrir æfingar kastgreina og barna- og unglingastarf frjálsíþróttadeildar, auk sumarnámskeiða.

Frjálsíþróttahöll

Eins og staðan er í dag er ekki gert ráð fyrir byggingu frjálsíþróttahallar í áætlunum sveitarfélagsins. Kópavogsbær mun áfram leigja aðstöðu fyrir deildina í Kaplakrika til að koma til móts við þarfir afrekshópa.

Eins og fram kemur hér að ofan eru bæjaryfirvöld tilbúin til að bæta aðstöðu deildarinnar eins og kostur er. Jafnframt er vilji til þess að ræða aðstöðumál deildarinnar til framtíðarinnar og skoða ýmsar leiðir til þess. Boðað verður til fundar með frjálsíþróttadeild í þeim tilgangi.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

